



Borgarráð

Gufunes - Útleiga á húsnæði

Óskað er eftir að borgarráð samþykki útleigu húsnæðis á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi sbr. hjálögð drög að auglýsingu.

Greinargerð: Eftir sölu fasteigna í Gufunesi til RVK-studios til uppbyggingar kvikmyndavers hafa nokkrir aðilar lýst áhuga á leigu húsnæðis á svæðinu fyrir kvikmyndatengda starfsemi. Með endurgerð samninga við Íslenska gámafélagi samhliða sölunni til RVK-studios losnar húsnæði og skrifstofuhúsnæði sem Sorpa hafði áður og staðið hefur ónotað um alllangt skeið er nú á hendi Reykjavíkurborgar. Í samningunum við Íslenska gámafélagið er kveðið á um að félagið skili byggingum og landi í áföngum og hafi flutt alla sína starfsemi úr Gufunesi fyrir árslok 2022.

Samkeppni um heildarskipulag svæðisins stendur yfir og mun væntanlega ljúka í haust. Í skilmálum samkeppninnar er lögð áhersla á þá hugmynd að kvikmyndaver RVK-studios geti laðað að sér önnur fyrirtæki í kvikmyndaiðnaði þannig að í framtíðinni byggist þarna upp kvikmyndaklasi eða kvikmyndapörp með fjölbreytta og framsækna starfsemi á alþjóðamarkaði.

Nokkur óvissa er um framtíðarskipulag Gufunesssvæðisins og ákvarðanir sem teknar eru nú yrðu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar. Þó má telja líklegt að þær byggingar sem hér er lagt til að auglýsa til leigu muni standa áfram, að minnsta kosti um nokkurra ára skeið. Lagt er til að þetta húsnæði verði leigt út til fyrirtækja og klasa á sviði kvikmyndagerðar og þannig stuðlað að þróun svæðisins sem framtíðaraðseturs fyrir kvikmyndagerð.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Drög að auglýsingu um útleigu húsnæðis í Gufunesi fyrir kvikmyndastarfsemi og skapandi greinar



Húsnæði fyrir kvikmyndastarfsemi

Atvinnuhúsnæði á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi er til leigu fyrir fyrirtæki eða klasa með starfsemi tengdi kvikmyndagerð, en aðrar skapandi greinar koma einnig til greina.

Til leigu eru um 600 m² skrifstofuhúsnæði, 1.140 m² niðurgrafin skemman og 2.300 m² verkstæðis- og lagerhús. Skrifstofuhúsnæðið og skemman eru laus nú þegar, en verkstæðisbyggingin gæti losnað á næstu mánuðum.

Reykjavíkurborg gekk nýlega frá samningum við RVK-studios ehf. um kaup á hluta gömlu Áburðarverksmiðjunnar fyrir kvikmyndastúdíó. Gert er ráð fyrir að í nágrenni þess byggist upp aðstaða fyrir starfsemi sem tengist kvikmyndagerð.

Samkeppni um framtíðarskipulag Gufunessvæðisins í heild stendur yfir og því eru ákvarðanir um nýtingu lands

og bygginga nú teknar með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Tilkynning um áhuga berist til þjónustuværs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í umslagi merktu „Leiga í Gufunesi“ **fyrir kl. 12:00 mánudaginn 19. september 2016.**

Innsend gögn verða metin í ljósi þeirra áforma að í Gufunesi byggist upp fjölbreytt og heildstæð starfsemi á sviði kvikmyndagerðar. Mikilvægt er að í gögnum komi fram skýrar hugmyndir um hvernig viðkomandi starfsemi fellur að þessum áformum.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á reykjavik.is/leiga

